

Bílablaðið

ÞRIÐJUDAGUR 13. apríl 2021

FRÉTTABLAÐIÐ

Mercedes-Benz EQA er fullkominn að flestu leyti



MYND/TRYGGVI ÞORMÓÐSSON

Árið 2021 mun marka nýtt upphaf á rafbílamarkaði þegar kemur að rafjæpplingum sem koma nú til landsins einn af öðrum. Nýjasti bíllinn í þeim flokki er Mercedes-Benz EQA sem við reynsluókum fyrir Bílablaðið ásamt hans helsta keppinaut, Volkswagen ID.4. **6**



Ný S-lína Mercedes setur ný viðmið í drægi rafbíla. **2**



VW ID.4 rafjæpplingurinn er sérlega rúmgóður. **10**



MG Cyberster rafsport-bíllinn frumsýndur í til-raunaútgáfu. **8**

STUÐ Í ÚTILEGUNNI

MEÐ EXIDE AGM RAFGEYMUM

AGM rafgeymar eru tilvaldir fyrir húsbíla, hjólhýsi, ferðavagna og aðra stöðunotkun. Hraðari hleðsla, minna viðnám í hleðslu, engin uppgufun í hleðslu og lengra úthald. Einfaldlega betri og viðhaldsfirri stöðugeymar.



EXIDE
TECHNOLOGIES

Ráðgjafar Olís og Rekstrarlands veita allar nánari upplýsingar í síma **515 1100** eða **pontun@olis.is**.

olis

REKSTRARLAND

Toyota GR86 kemur til Evrópu

Toyota hefur kynnt til sögunnar arftaka GT86 og heitir hann einfaldlega GR86 í takt við GR-sportlinu merkisins. Aðalfréttirnar eru þó þær að bíllinn verður boðinn í Evrópu í kringum næstu áramót ólíkt systurbílnum Subaru BRZ. Bílarnir nota báðir sama undirvagn og vél, sem er 2,4 lítra boxervél.

Toyota hefur gefið út tækniupp-
lýsingar fyrir bilinn sem verður á
Japansmarkaði en hann verður 232
hestöfl og mun skila 250 Nm tugi.
Það er 35 hestöflum meira en GT86
skilaði enda er GR86 mun fljótari
af stað. Hann verður 1,1 sekúndu
fljótari í hundraðið sem hann nær
á 6,3 sekúndum. Hvort þær tölur
verði þær sömu fyrir Evrópu á þó
eftir að koma í ljós. Vélin verður
með sex gjafa beinskiptingu og sex
þrepa sjálfskiptingu sem auka-
búnaði.

Toyota hefur gert það möglegt að framleiða GR-línu aflmeiri bíla á meðan aðrir framleiðendur hafa dregið úr slíku. Ástæðan er einfaldlega sú að Toyota hefur staðið sig vel í að halda sig innan mengunarmarka Evrópusambandsins með háu hlutfalli tvinn-



**» Nýr GR86 verður
35 hestöflum afl-
meiri en GT86 og er 1,1
sekúndu fljótari í
hundraðið.**

bíla. Von er á meiru frá Toyota því nú berast fréttir af því að von sé á nýrri skammstöfun frá merkinu. BZ verður heitið á 100% rafbílum Toyota og er fyrsta bílsins að vænta á árinu sem verður jepplingur í svipaðri stærð og RAV4.



Ford kveður Mondeo-fjölskyldubílinn

Ford-bílaframleiðandinn hefur ákveðið að hætta framleiðslu á Mondeo-fjölskyldubílum. Hann hefur verið í framleiðslu síðan 1993 og unnið til ótal verðlauna en allt hefur sinn vitjunartíma. Ástæðan er einfaldlega sú að þeir sem keyptu fjölskyldubíla af stærri gerðinni eins og fjölskyldur og þeir sem kaupa fyrirtækisbíla, hafa flutt sig yfir í jepplingaflokk. Þeir sem keyptu áður Mondeo kaupa nú Ford Kuga. Það er þó ekki eina ástæðan því að það hentar líka hagsmunum bílaframleiðenda þar sem jepplingar bjóða upp á meira rými fyrir sífellt fyrirferðarmeiri rafhlöður.

Hætt er við að á næstu misserum munu fleiri bílar í þessum stærðarflokki fylgja í kjölfarið og við höfum líka séð bíla eins og Honda Accord hverfa af sjónarsviðinu. Við erum þegar farin að sjá þess merki hér á Íslandi þar sem umboðin eru einfaldlega hætt að bjóða bíla eins og BMW 3-línu, Mercedes-Benz C-

Minnkandi sala fjölskyldubíla af stærri gerðinni kemur til vegna ásóknar kaupendahópa í flokk jepplinga.

línu, Audi A4 og Renault Talisman
svo eitthvað sé nefnt.

Kostir jepplingaflokksins eru margir í augum Íslendinga, og þeir hafa meiri veggð sem gerir þá betri í snjó og þægilegri í umgengni. Sumir eiga þó eflaust eftir að sakna þeirrar aksturs-ánægu sem kraftmikill og vel hannaður fjölskyldubíll veitti, en allt er breytingum háð. Hvað ætli verði svo til að velja jepplingnum úr sessi?



Ný Mercedes-Benz S-lína setur ný viðmið með 770 kílómetra drægi

Mercedes-Benz mun frumsýna næstu S-línu á fimmtudaginn og hefur þegar látið frá sér tækniupplýsingar um bilinn sem setja mun ný viðmið í heimi rafdrifinna fjólsíðna.

njall@frettabladid.is

Ný S-lína mun koma á nýjum undirvagni sem kallast EVA og strax frá frumsýningu kemur hann í tveimur útfærslum. Gunngerðin mun kallast EQS 450+ og verður með einum rafmótór á afturdrifi sem skilar 329 hestöflum og 568 Nm tugi. EQS 580 4MATIC bætir rafmótór á framöxl og fer þá hestaflatalan í 516 og tugið í 855 Nm. Bæðir bílar verða með takmarkaðan hámarkshraða við 210 km á klst. Tvær rafhlöður verða í



boði, sú minni 90 kWst og sú stærri hvorki meira né minna en 107,8 kWst sem dugar honum fyrir 770 km drægi. Ekki hafa verið gefnar upp tækniupplýsingar fyrir aðrar gerðir. Billinn er búinn 400 volta rafkerfi sem við 200 kW hleðslu- stöð hleður bílinn í 300 km drægi á aðeins 15 mínútum.

Að sögn hönnuða Mercedes

næst gott drægi ekki síst fyrir þá staðreynd að billinn klýfur loftið vel. Hann er með litla loftmótsstöðu og margt í ytri hönnun hans gert til að minnka hana enn frekar. Undirvagninn er rennisléttur, fremsti hluti bilsins er lækkaður mikið og loftinntök lokast þegar þau eru ekki í notkun. Fyrir vikið er loftmótsstaðan aðeins 0,20 Cd sem er það minnsta sem í boði er á framleiðslubíl. Eins og fram hefur komið er innanrýmið hönnunarstúdía út af fyrir sig og er sambyggður háskerpuskjarninn í mælaborði bilsins alls 55,5 tommur á breidd. Hann liggur í boga allt yfir til farþegans við hlið bílstjórans sem hefur sinn eigin skjá til að horfa á. Að sögn Jónas Kára Eiríkssonar hjá Öskju er S-lína væntanleg hingað til lands síðsumars.

GMC með meiri tækniupplýsingar um Hummer-rafjeppann

GMC hefur sent frá sér meiri upplýsingar um Hummer-rafjeppann sem væntanlegur er á markað árið 2024. Áætlað er að forsala á honum í Norður-Ameríku hefjist seinna á þessu ári.

Rafjeppinn verður í grunninn mjög svipaður pallbilnum en er byggður á styttri útgáfu undirvagnsins sem notar rafhlöðuna sem burðarbita. Billinn er 508 mm styttri en pallbillinn og þar af leiðandi er hjólhafið 220 mm styttra. Fyrir vikið verður jeppinn betri í akstri og viðráðanlegri í torferum að sögn GMC. Að- og fráfallshorn hans er líka betra eða 49 gráður og undirvagnshorn hans er 34,4 gráður svo að hann mun geta ráðið við ansi gróft undirlag. Sami tæknibúnaður verður í Hummerjeppanum og verða 22 tommu felgur staðalbúnaður eins og í pallbilnum. Loftpúðafjöðrun mun geta lyft bilnum um allt að 152 mm og staðalbúnaður verður fjórhjólástýring og Crabwalk-skríðgir sem



Ein af kynningarmyndum Hummer-rafjeppans sýnir hann í mjög svo íslensku landslagi en torfærugeta hans verður umtalsverð.

leyfir bílnum að skríða til hliðanna eins og krabbi.

þar sem jeppinn er aðeins minni en pallbillinn mun hann nota aðeins aflminni rafmótora svo að heildarafköst verða 819 hestöfl í stað 1.000. Togið verður þó það sama og í pallbílum svo að upptakið verður allgott eða 3,5

sekúndur í hundraðið. Rafhlaðan verður einu númeri minni svo að drægið minnkar um 80 km og verður 480 kílómetrar. Hann mun nota sama 800 volta rafkerfi og því geta hlaðið 160 km af drægi á 10 mínútum. Ekki er talið líklegt að hann verði boðinn í Evrópu, allavega til að byrja með.

ÚRVAL & ÖRYGGI



ŠKODA

Eigum úrval af sparneytnum,
öruggum og góðum bílum í
fjölmörgum stærðum og gerðum



Dráttargeta
2,5 tonn!

Kamiq Verð frá 3.990.000 kr.

Þar sem hrífandi hönnun innra og ytra
byrðis rennur saman í eina heild.

Karoq Verð frá 5.590.000 kr.

Farðu leiðar þinnar um borgarfrumskóginn
með bros á vör og á nettum smájeppa.

Kodiaq Verð frá 7.290.000 kr.

Fjór hjóladrífinn, fæst sjö manna og sker sig úr
hvert sem hann fer með kraftmiklu yfirbragði.



RAFMAGNAÐUR ENYAQ iV

Rafmagnsbíll með drægni frá 412 til 536 km skv. WLTP.

Verð frá 5.790.000 kr.

Sýningarbíll á staðnum og forsala í fullum gangi. Tryggðu þér eintak!



Octavia Verð frá 5.190.000 kr.

Ný og rúmgóð Octavia uppfyllir allar þarfir
fjölskyldunnar.



Tengiltvinnbíll
(Plug-in Hybrid)

Superb iV Verð frá 5.490.000 kr.

Kraftmikill í akstri og umhverfisvænn, með allt
að 60 km drægni skv. WLTP.

Veldu upphaldsbílinn og taktu hann frá á www.hekla.is/skodasalur

Fylgdu okkur!



@skoda

www.skoda.is



HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · Bílajarninn Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum



Citroen C5 X er tilraun merkisins til að blanda saman útliti langbaks og jepplings.

Citroen C5 X frumsýndur

C5 X-blendingsbíllinn er nýtt flaggskip franska merkisins og verður boðinn bæði sem tengiltvinnbill og með bensínvélum þegar hann kemur á markað á næsta ári.

njall@frettabladid.is

Segja má að C5 X sé tilraun Citroen til að blanda saman skutbíl og jepplingi í lúxusútgáfu. Upphaflega var C5 stór fjölskyldubíll og við höfum líka séð C5 Aircross, en C5 X er einmitt byggður á sama EMP2-undirvagni og hann. Bíllinn er 4.805 mm að lengd svo að hann



Snertiskjáriinn í bílnum er nýr 12 tommu skjár og útlitið líkist einna helst C4-e.

er aðeins lengri en Peugeot 508 SW til að mynda. Lögd er áhersla á gott rými í farþegarými og bíllinn mun geta tekið 545 lítra í farangurs-

rými. Lögd er áhersla á þægindi með sérhönnuðum sætum og nýrri fjöðrun sem kallast Active Comfort og er fyrst kynnt í þessum bíl. Bíllinn verður búinn 12 tommu upplýsingaskjá sem er ný hönnun frá Citroen og uppfærst þráðlaust. Sami tengiltvinnbúnaður og í C5 Aircross verður í bílnum, en sá er 222 hestöfl og með rafhlöðu sem kemur honum 50 km á hleðslunni. Von er á útgáfu með stærri rafhlöðu á seinni stigum. Bíllinn kemur í sölu í Frakklandi í lok árs og því er hans ekki að vænta hingað til lands fyrr en einhvern tímann á næsta ári.



Deegan 38 All Terrain

Deegan 38 All Terrain – nett mynstrað heilsársdekk frá Mickey Thompson

5 stærðir á lager:

- 265/70R16 verð 40.800 kr.
- 265/70R17 verð 37.500 kr.
- 265/65R18 verð 44.800 kr.
- 285/70R17 verð 49.900 kr.
- 265/50R20 verð 39.900 kr.

lcetrack ehf 773-4334 mtdekk@mtdekk.is www.mtdekk.is



Demparar á lager í margar gerðir ökutækja m.a.
Fólksbíla - Jeppa - Vörubíla - Flutningabíla - Rútur



Aflvélar ehf. • Vesturhrauni 3 • 210 Garðabær
Sími: 480 0000 • www.aflvelar.is • sala@aflvelar.is



Toyota frumsýnir rafbíl í næstu viku

Toyota mun frumsýna nýjan rafbíl á Bílasýningunni í Sjanghæ þann 19. apríl næstkomandi og hefur af því tilefni birt mynd af framenda bílsins í myrkvuðum bílskúr. Að sögn Toyota er rafbíllinn jepplingur sem er sérhannaður að þörfum evrópska markaðsins, en hann verður smíðaður í kolefnishlutlausri verksmiðju Toyota í Japan. Eins og sjá má af myndinni er nýtt útlit á ferðinni enda um fyrsta alvöru rafbíl merkisins að ræða. Bíllinn er sá fyrsti af sex sem nota munu e-TNGA-rafbílaundirvagninn sem hannaður var í samstarfi við Subaru. Næstu bílar verða



Nýr rafjepplingur frá Toyota mun verða í svipaðri stærð og RAV4.

meðal annars minni rafjepplingur sem hannaður er í samstarfi við Suzuki, stærri jepplingur, stallbakur og fjölnotabíll svo eitthvað sé nefnt.



Tafir á byggingu verksmiðju Tesla í Berlín hafa seinkað framleiðsluáætlinum Model Y-rafjepplingsins. MYND/REUTERS

Tesla gagnrýnir þýsk stjórnvöld

Skrifræðið í Þýskalandi er greinilega farið að fara í taugarnar á bílaframleiðandanum Tesla ef marka má fréttir í Frankfurt Allgemeine Zeitung. Tímaritið flutti fréttir af því að Tesla hefði sent bréf til þýskra stjórnvalda fyrir í mánuðinum. Þar kom meðal annars fram að framleiðandanum þætti sérstaklega þeirri að ekkert svar væri komið við því hvenær áætluð verksmiðja Tesla í nágrenni Berlínar yrði samþykkt. Liðnir eru 16 mánuðir síðan Tesla sótti um leyfi fyrir verksmiðjunni svo að þíringurinn er skiljanlegur. Náttúruverndarsinnar hafa lagt stein í götu Tesla með því að stöðva frekara skógarhögg á verksmiðjussvæðinu, þar sem það gæti sett

» Þrátt fyrir að Tesla hafi sótt um leyfi fyrir verksmiðjunni fyrir 16 mánuðum er ekkert svar komið ennþá“

snáka í vetrarhiði í hættu. Tafir á verksmiðjunni hafa seinkað framleiðsluáætlunum fyrir Tesla Model Y, en áætlað er að verksmiðjan í Berlín geti framleitt 500.000 slíka bíla árlega þegar hún er komin í fulla virkni. Hérlandis er Tesla Model Y ekki einu sinni kominn á það stig að hægt sé að panta bílinn.



Aðeins hluti bíla framleiddir fyrir 3. febrúar eru með hugbúnaðarvilluna.

Hugbúnaðarvilla í Mustang Mach-E

Það eru fleiri framleiðendur rafbíla en Volkswagen að lenda í vandræðum með hugbúnað bíla sinna. Fyrstu notendur Mustang Mach-E hafa lent í vandamáli sem felst í því að bílarnir fara ekki í gang eftir hleðslu. Kemur þetta fram í sameiginlegri tilkynningu frá Ford og NHTSA-öryggismálastofnuninni í Bandaríkjunum. Segir Ford meðal annars í tilkynningunni að hugbúnaðarvilla valdi því að 12 volta rafhlaða bílsins eigi það á hættu að tæmast á meðan stóra rafhlaðan er hlaðin. Það var The Verge sem sagði fyrst frá vandamálinu síðastliðinn

» Á 12 volta rafhlaða bílsins það á hættu að tæmast á meðan að bíllinn er hlaðinn.

Þriðjudag, en Ford segir að aðeins lítill hluti bíla framleiddra fyrir 3. febrúar hafi lent í þessu vandamáli. Munu umboðsaðilar uppfæra hugbúnað bílanna eigendum þeirra að kostnaðarlausu. Ford hefur alls framleitt 6.614 Mustang Mach-E á fyrsta fjórðungi ársins.

OPEL CORSA-E SPENNTUR FYRIR ÞÉR!

100% rafmagn
100% Opel

VIÐ STYÐJUM RAFBÍLAVÆÐINGUNA OG LÆKKUM VERÐ Á RAFBÍLUM

Þegar þú velur Opel Corsa-e færðu einn fullkomnasta rafmagnsbílinn á markaðnum á einstaklega hagstæðu verði.

NJÓTTU VEL!

VARMAÐÆLA

Hlutverk varmaðælu er að endurvinnna orku sem verður til við hitaskipti, jafnt til hitunar sem kælingar á bílnum. Þannig sparast orka rafhlöðunnar. Hér eru kjöraðstæður fyrir varmaðælur í rafbílum, því þær virka best við meðalhita á Íslandi og geta aukið drægni um allt að 15% við bestu skilyrði.

RAFMAGNAÐ ÚTLIT

Hver er þinn stíll? Þú einfaldlega velur uppáhalds litinn þinn á bílinn og toppar útlitið með svörtu þaki. Þú getur líka valið sólarþak á rafbílinn þinn og lýst upp umhverfið.

100% RAFMAGN OPEL CORSA-E

VERÐ: 3.990.000 KR.
STUÐNINGUR: 300.000 KR.
VERÐ NÚ: 3.690.000 KR.

ÞÍN EINKENNI

Opel Corsa-e er búinn nýstárlegum álfelgum, grilli og speglum, sem hægt er að sérsníða með sérstökum pökkum sem fást hvítir, svartir, rauðir eða bláir. Hvernig vilt þú líta út?


RAFHLAÐA, HLEÐSLA OG DRÆGNI

Nú þegar rafmagnsvæðingin er komin á fullt á Íslandi, er hægt að keyra hringinn í kringum landið á rafmagnsbíl frá Opel. Það tekur aðeins 30 mín. að hlaða Corsa-e upp í 80% drægni með hjálp 100 kw hraðhleðslu. Það á því ekkert að stoppa þig á Opel Corsa-e.

MÓTOR: 100 kW
RAFHLAÐA: 50 kWh
DRÆGNI: 337 km.

HESTÖFL OG HRÖÐUN

Krafturinn í Opel Corsa-e er yfirdrífinn. Corsa-e er 136 hestöfl og býr yfir hröðun sem slær mörgum mun dýrari bílnum við, þ.e.a.s. hann rýkur í 50 km hraða á 2,8 sek. Það er akkúrat hraðinn sem leyfður er á flestum aðalgötum þéttbýlisstaða.



O P E L



BÍLABÚÐ BENNA
KOLEFNISJAFNAR OPEL

benni.is

Bílasala Suðurnesja
Reykjanesbæ
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330

1b bílar
Selfoss
Fossmes A
Sími: 480 8080

Bílaríkið
Akureyri
Lónsbakka
Sími: 461 3636

Bílabúð Benna
Reykjavík
Krókháls 9
Sími: 590 2035

Bilabúð
Benna
Sérfræðingar í bílum



Njáll
Gunnlaugsson
njall
@frettabladid.is

Reynsluakstur

Mercedes-Benz EQA

KOSTIR - Hljóðlátur - Liggur vel	GALLAR - Fótapláss í aftirsætum - Farangursrými	Hestöfl: 190 Tog: 375 Nm Eyðsla: 17,5 kWst/100 km Rafhlaða: 66,5 kWst	Drægi: 426 km Hröðun: 0-100 km: 8,5 sek. L/B/H: 4.463/1.834/2.020 mm Hjólhaf: 2.729 mm	Eigin þyngd: 2.040 kg Farangursrými: 340 lítrar Dráttargeta: 750 kg Grunnverð: 6.790.000 kr.
---	--	--	---	---



EQA 250 er góður akstursbill en mætti vera aflmeiri en það er stutt í fjórhjóladrifsútgáfuna. MYNDIR/TRYGGVI ÞORMÓÐSSON

Fullkominn að flestu leyti

Mercedes hefur frumsýnt EQA-rafjepplinginn meðframdrifi og skilar sú útgáfa 190 hestöflum. Von er svo á fjórhjóladrifinni útgáfu áður en langt um liður sem hefur allt að 515 km drægi.

Askja frumsýndi í síðasta mánuði Mercedes-Benz EQA-rafjepplinginn en fyrsta útgáfa bílsins hérlandis er GLA 250. Talan 250 er tilvísun í það að bíllinn er álíka kraftmikill og 250 bensínútgáfa GLA, sem EQA byggir á. Rafmótorinn er 190 hestöfl og drífur áfram framhjólin. Rafhlaðan er 66,5 kWst og gefur bilnum allt að 426 km drægi með 18 tommu felgustærð.

Vantar upp á fótarymi
Að innan er EQA eins og aðrir nýir Benz-bílar með fráganginn í fyrirrými og gott efnisval í innréttingu. Takkarnir eru færri með nýja MBUX-kerfinu og er það vel, sem og sú staðreynd að skjárinn er af stærri gerðinni. Þegar kemur að pláss í bilnum er það nokkuð gott að flestu leyti, alla vega er gott pláss í framsætum og höfuðrými er nokkuð gott líka.
Helsti ókostur bílsins er þó sú staðreynd af rafhlaðan tekur pláss frá fótarymi í aftursætum

og einnig farangursrými. Þegar fullorðinn situr í aftursæti finnst vel hversu hátt hnén eru sem þýðir meira álag á sitjandann sem eflaust er óþægilegt á langferðum. Rafhlaðan tekur líka sitt pláss frá farangursrýminu og er gólfíð þar í hærri kantinum. Aðeins er rými fyrir 340 lítra af farangri undir hillunni sem er satt best að segja of lítið.

Hljóðlátur og mjúkur í akstri
Bíllinn er ljúfur í akstri og bæði inngjöf og stýri gefa góða tilfinningu fyrir akstrinum. Hann virkar ekki eins þungur í akstri eins og margir rafjeppingar af þessari stærð og hagar sér vel á reykvískum hraðahindrunum, þökk sér fjölliða fjöðrun að aftan. Fyrir vikið er hann líka stöðugur í akstri þegar kemur að því að leggja hann í beygjur og þar er það ekki bara vel útfærð skrikvörn sem er að hjálpa honum.
Hann er líka einstaklega hljóðlátur, jafnvel fyrir rafbíl, og hljóðið sem varar fótgangandi við honum á lægri hraða heyrir varla inni í bilnum. Upptakið er viðunandi í þessari útfærslu en ekkert meira en það, en bíllinn er 8,9 sekúndur í hundraðið. Hámarks-hraði er takmarkaður við 160 km



Rafmótorinn er við framhjólin og hjálpar það til við akstursegínleikana.

á klst. Mercedes-Benz EQA er líkt og flestir rafjepplingar í þessum flokki yfir tvö tonn, enda er rafhlaðan fjórðungur þyngdarinnar. Hægt er að stjórna hversu mikið endurhleðsluáttak kemur þegar inngjöfinni er sleppt með því að nota flipa á stýrishjólinu, líkt og á valskiptingu bensínbilsins.

Mjög vel búinn

Að sögn Mercedes hleður bíllinn frá 10-80% á 30 mínútum í 150 kW hleðslustöð en ekki gafst tækifæri til að reyna það í reynsluakstrinum. Á hefðbundinni 7 kW heimahleðslustöð á full hleðsla að taka undir 10 klst.

Um vel búinn bíl er að ræða í grunnútgáfunni Pure og fyrir 6.790.000 kr. fæst bíllinn með 18 tommu álfelgum, Apple CarPlay, bakkmyndavél, raddstýringu, díóðu-innilýsingu, íslensku leiðsögukerfi og díóðu-aðalljósum. MBUX-margmiðlunarkerfið með stafrænu mælaborði er einnig staðalbúnaður.

Bíllinn kemur með þriggja ára ábyrgð og átta ára ábyrgð á rafhlöðu sem takmarkast þó við 160.000 km akstur. Verðið á EQA í grunninn er 6.790.000 kr. sem er stíft þegar horft er til samkeppninnar.

Það er helst VW ID.4 sem keppir við hann eins og er en sá bíll kostar frá 5.290.000 kr. Aðrir væntanlegir samkeppnisaðilar eru Volvo XC40 P8 og Tesla Model Y sem hvorugir eru komnir í sölu hérlandis. Hvort sú staðreynd að innkoma EQA á markaðinn á undan Tesla Model Y þýði að hann nái að stela sölu frá honum á eftir að koma í ljós.



Eins og sést vel á myndinni er gólfíð í aftursætum frekar hátt.



Fáguð afturfjöðrun og rafhlaðan gera sitt til að taka pláss frá farangursrými.



MBUX-kerfið er allsráðandi í mælaborði og fágún í bland við einfaldleika.

JEPPADEKK



Vönduð amerísk jeppadekk sem henta frábærlega fyrir íslenskar aðstæður. Stærðir 29 - 44".

KANNAÐU ÚRVALIÐ! VERSLUN.ARCTICTRUCKS.IS



HJÓLBARÐAVERKSTÆÐI
Öll almenn dekkjaþjónusta á staðnum.
Tímarpantanir í síma 540 5900



westfalia
AUTOMOTIVE

DRÁTTARBEISLI

Hágæða beisli, föst eða losanleg, fyrir flestar gerðir fólksbíla og jeppa. Upplýsingar um verð og afgreiðslutíma hjá Bílanaust.



Hafnargötu 52
260 Reykjanesbæ
S. 421 7510

Hrísmýri 7
800 Selfossi
S. 482 4200

Furuvöllum 15
600 Akureyri
S. 535 9085

Sólvangi 5
700 Egilsstöðum
S. 471 1244

STÓRVERSLUN
DVERGSHÖFÐA 2
110 Reykjavík
S. 535 9000

Vatnagörðum 12
104 Reykjavík
S. 535 9000

Dalshrauni 17
220 Hafnarfirði
S. 555 4800

www.bilanaust.is

Njósnamyndir af nýjum Mini

Fjórða kynslóð Mini-smábílsins er væntanleg 2023 en nýlega náðust njósnamyndir af bílnum við prófanir í snjó.

Þegar nýr Mini kemur á markað mun hann líkt og Peugeot 208 verða boðinn með annað hvort bensínvél eða rafmótor. Það er þó ekki það eina því að von er á bílnum í þriggja dyra útgáfu aftur. Rafbílaútgáfan verður smíðuð í Kína á nýjum undirvagni sem er í þróun hjá BMW og Great Wall-bílaframleiðandanum. Bensínútgáfan verður eins í öllum málum en byggð á undirvagni frá BMW og sett saman í verksmiðju merkisins í Oxford.

Eins og sjá má á myndinni er þriggja dyra útgáfan nógu lítil til að geta keppt við smábíl eins og Fiat 500. Þó að bíllinn virðist vera nokkuð tilbúinn að sjá er



Margt er gert til að leyndu nýju útliti, til dæmis með ljósum af eldri gerðum.

dulbúningurinn góður og hlutir eins og ljós og loftinntök í raun og veru sett utan á dulbúninginn til að villa um fyrir þeim sem horfir. Auk þess vantar sílsana á bilinn og rétt útlit grillsins. Þrátt fyrir það sést að axlarlínan er hærri en áður

og gluggarnir mjórrir sem gefur til kynna bíl með lága loftmótstöðu. Hjólin eru líka utar sem þýðir að hjólhafið verður jafnvel það sama og áður. Að innan verður mælaborðið í bogadregnum skjá fyrir ofan stýrið.



Útlit bílsins er enn þá útlit tilraunabíls með áberandi ljósabúnaði og ýktum línunum.

Fyrstu myndir af MG-sportbílnum

MG-rafbílamerkið hefur frumsýnt marga rafbíla að undanförun og sá nýjasti er tilraunaútgáfa MG-sportbíls sem sækir í arfleifð hins opna, tveggja sæta bíls sem merkið var frægt fyrir.

njall@frettabladid.is

Bíllinn kallast MG Cyberster og er í raun og veru önnur útgáfa slíks bíls frá merkinu. Fyrri bíllinn var E-Motion Coupe tilraunabíllinn sem MG frumsýndi árið 2017. Cyberster verður frumsýndur á bílasýningunni í Sjanghæ í næsta

mánuði sem allar líkur benda til að verði nú að veruleika. Að sögn MG er bíllinn tilraun merkisins til að sjá hvernig sportbíll framtíðarinnar muni líta út og þykir sú yfirlýsing benda sterklega til þess að hann fari í framleiðslu.

Bíllinn er auðsjáanlega tilraunabíll eins og sést til dæmis á ljósabúnaði hans, en díóðuljósarlínur eru áberandi í hönnuninni. Um nokkurs konar Speedster er að ræða þar sem ekkert þak er á tilraunabílnum. Afturendinn er eins og skorinn af og endar í oddi sem að MG segir að bæti til muna loft-

flæði bílsins, eitthvað sem skiptir miklu máli í rafbílum. Innanrými bílsins er enn framúrstefnulegra en ytra útlit hans, en því er skipt í tvennt af stórum miðjustokki sem meðal annars inniheldur mjóan upplýsingaskjá. Stýrishjólið minnir meira á stjórntæki leikjatölvu en bíl og mælaborðið virðist vera í þrívídd.

MG hefur látið frá sér eitthvað af tækniupplýsingum eins og að bíllinn hafi 800 km drægi og að hann verði undir þremur sekúndum í hundraðið. Gaman verður því að sjá hvort bíllinn fari í framleiðslu.

Rafbúið torfærutröll frá Skotlandi

Munro Mark 1 er fyrsta afurð All Terrain All Electric (ATAE) fyrirtækisins sem áætlað að koma þessum bíl á markað áður en langt um líður.

Hugmyndin er að fylla upp í það gat sem gamli Land Rover Defender-jeppinn skildi eftir sig. Það er auðsjáanlegt þegar horft er á klossað útlit Munro-jeppans. Bíllinn er byggður á einfaldri stigagrind og eru fram- og afturöxlar hans sjálfstæðir. Fjór hjóladrifið er alltaf til staðar gegnum 212 hestafla rafmótor og rafhlaðan er 52 kWst sem gefur honum drægi upp á 240 km. Að sögn ATAEE er drægið þó meira við akstur í lágum gir, en bíllinn er búinn tveimur gangstigum og læsingum á mismunadrifi.

Hönnuðir ATAEE fóru þá leið að nota fjöðrun og bremsukerfi frá íhlutaframleiðendum frekar en að hanna sinn eigin búnað. Sama



Líkindi Munro Mark 1 og fyrri kynslóðar Land Rover Defender eru augljós.

má segja um yfirbyggingu sem er smíðuð hjá Ibex Automotive í Yorkshire. Að sögn þeirra vinnst margt með því, eins og að auðveldara verður að nálgast varahluti. Auk þess verður kolefnisfótspor bílsins minna fyrir vikið sem farið er að skipta máli hjá framleiðendum rafbíla.

Að innan verður einfaldleikinn allsráðandi en hægt verður að fá upplýsingaskjá sem aukabúnað. Burðargetan verður eitt tonn og farangursrými tekur 1.250 lítra. Frumgerð verður tilbúin seinna á árinu sem fer þá í árs prófun, svo að búast má við bílnum í sölu árið 2022.



Volvo XC60 Inscription
Verð frá 7.620.000


Volvo XC60 R-Design
Verð frá 7.550.000



Nýtt útlit

VOLVO XC60

Plug-in hybrid



Smartbilar
Bildshöfða 20
546 0088
smartbilar@smartbilar.is
www.smartbilar.is



3.990.000



Nýir 2020

MITSUBISHI OUTLANDER

Plug-in hybrid

ÁBYRGÐ

5 ára ábyrgð
8 ár battery
12 ára ryðvörn



Njáll
Gunnlaugsson
njall
@frettabladid.is

Reynsluakstur

VW ID.4

KOSTIR

- Verð
- Rými aftur í

GALLAR

- Útsýni
- Mætti vera aflmeiri

Hestöfl: 204
Tog: 310 Nm
Hröðun: 0-100 km: 8,5 sek.
Hámarkshraði: 160 km

Rafhlaða: 77 kWst
Drægi: 500 km
Eyðsla: 17,2 kWst/100 km
L/B/H: 4.584/1.852/1.631 mm

Hjólhaf: 2.771 mm
Farangursrými: 543 lítrar
Dráttargeta: 1.200 kg
Eigin þyngd: 2.124 kg

Rúmgóður er lýsingarorðið

Fyrsta útgáfa VW ID.4-raf-jepplingsins er kominn í sölu eftir nokkra bið. Þar sem áður var óplægður akur er nú von á talsverðri samkeppni í þessum flokki á árinu. Það kemur sér því vel fyrir ID.4 að vera fyrstur í röðinni.

Þegar kemur að því hvaða nýjan bíl fólk muni kaupa á næstu árum stendur valið hjá mörgum um tvennt, hvort kaupa eigi jeppling með tengiltvinnbúnaði eða taka skrefið alla leið og kaupa strax rafjeppling. Hingað til hefur ekki verið um auðugan garð að gresja en í ár mun heldur betur rætast úr því. Einn af þessum bílum er Volkswagen ID.4 sem líklega verður söluhæsti rafbíll merkisins í framtíðinni. Volkswagen Group hefur greinilega veðið á það líka því að á næsta ári verður hann kominn í framleiðslu í fimm verk-smiðjum víða um heim. Hann er nú kominn til landsins í 1st Edition-útgáfu og við höfðum bilinn til reynslu um páskana.

Sami pakkinn
Í fyrstu útgáfu bílsins kemur hann á sama grunni og ID.3 þótt bíllinn sé í heildina 32 sentimetrum lengri. Sama hjólhaf er á honum og ID.3 en sökum annars byggingar-lags er ID.4 rúmbettri til fóta aftur í og farangursrýmið mun stærra. Segja má að VW ID.4 sé svipaður að ytra máli og VW Tiguan en hann er stærri þegar kemur að innanrými. Sama 77 kWst raf-hlaða er undir bílnum og sami 204 hestafla rafmótor við afturdrifið. Þar sem ID.4 er 330 kílóum þyngri er drægi hans aðeins minna, eða að hámarki 500 km.

Innrétting bílsins er að mestu leyti eins og í ID.3 nema að það er styttra að teygja sig í takkaborðið vinstra megin. Það tók smátime að venjast stafrænu mælaborði í reynsluakstri ID.3 en nú er maður farinn að kunna vel við hversu fljótlegt er í raun og veru að framkvæma aðgerðir, eitthvað sem aðrir framleiðendur gætu tekið sér til fyrirmyndar. Efnisval er einni skör ofar í ID.4 og það eina sem hann hefur ekki fram yfir ID.3 er útsýnið, en þykkari bitar skyggja aðeins á.

Aðeins aflminni
Bíllinn er nokkuð yfir tvö tonn með stærri rafhlöðunni og það finnst aðeins í akstrinum. Þótt hann sé rúm 200 hestöfl er hann 8,5 sekúndur í hundraðið sem er rúmri sekúndu seinna en litli bróðir ID.3. Það hefði einu sinni þótt talsvert til að stæra sig af en í heimi rafbíla þykir það ekki há tala. Betra er fyrir þá sem vilja meira upptak að biða eftir fjór-



Volkswagen ID.4 klýfur vindinn vel og er laus við vindhljóð á langkeyrslu. MYNDIR/TRYGGI ÞORMÓÐSSON



Farangursrými er 543 lítrar og er aðgengilegt enda opnast stór hlerinn mjög vel.



Mælaborðið er nánast eins og í ID.3 og er farið að venjast mjög vel.



Með framsæti mjög aftarlega er samt gott pláss fyrir fætur og höfuðrými er einnig viðunandi.

hjóladrifsútgáfunni sem verður með tvo rafmótora og 302 hestöfl. Það sem hann gerir hins vegar vel er hversu gott er að stjórna bílnum. Hann svarar strax í upptakinu án þess að missa sig í einhver læti og það er auðvelt að hafa stjórn á inngjöfinni, bæði við upptak og þegar rafmótorinn bremsar bilinn niður. Hann liggur vel í beygjum og það er eins og það votti fyrir yfirstýringu ef lagt er snögg á hann sem vel útfærð

» Bíllinn er 32 senti-metrum lengri en ID.3 og hjólhafið það sama en sökum bygg-ingarlagsins er hann mun rúmbettri í farþega-og farangursrými.


skrikvörnin temprar alveg um leið. Loks er hann hljóðlátur eins og rafbíla er háttur en einnig laus við vindhljóð á langkeyrslu.

Gott verð
Grunnverð ID.4 í Pure City-útgáfu með 52 kWst rafhlöðu er 5.290.000 kr. en bíllinn sem við höfðum til prófunar var ID.4 Pro Perform-ance, sem með 77 kWst kostar frá 6.490.000 kr. Verður verðið að teljast gott miðað við grunnverð Mercedes-Benz EQA hér annars staðar í blaðinu sem er 6.790.000 kr. Pro Performance-útgáfan er þó sá bíll sem miða ætti saman-burðinn við. Fleiri samkeppnisað-ilar eru væntanlegir, sumir á þessu ári eins og Ford Mustang Mach-E og það stýttist líka í fjórhjóladrifs-útgáfu ef einhverjum finnst aflið í þessum ekki nóg.

Framúrskarandi ferðafjölskylda!

Komdu í heimsókn og skoðaðu skemmtilega, sparneytna og örugga ferðabíla

HEKLA · Sími 590 5000 · Laugavegur 170 · hekla.is/skodasalur



Kamiq
Verð frá 3.990.000 kr.

Karoq
Verð frá 5.590.000 kr.

Kodiaq
Verð frá 7.290.000 kr.

Dráttargeta 2,5 tonn!

5 ÁR ABYRGÐ HÁKENDU



SKODA

FARANGURSBOX Í MIKLU ÚRVALI

FRAMÚRSKARANDI
ÞJÓNUSTA
VIÐ BÍLAEIGENDUR OG
BÍFREIÐAVERKSTÆÐI

HAPRO OG NORDRIVE

ROADY 350



max þyngd 50 kg
300 lítra **49.984 kr**
Vöru nr. 33190-442

ROADY 450



max þyngd 50 kg
420 lítra **59.990 kr**
Vöru nr. 33629-442

TRAXER 4.6



max þyngd 75 kg Steingrátt
370 lítra **84.995 kr**
Vöru nr. 38885-442

TRAXER 6.6



max þyngd 75 kg Steingrátt
410 lítra **98.990 kr**
Vöru nr. 35908-442

TRAXER 6.6



max þyngd 75 kg Silfurgrátt
410 lítra **98.990 kr**
Vöru nr. 35903-442

TRAXER 6.6



max þyngd 75 kg Svart
410 lítra **119.990 kr**
Vöru nr. 25910-442

TRAXER 8.6



max þyngd 75 kg Silfurgrátt
530 lítra **129.990 kr**
Vöru nr. 35909-442

TRAXER 8.6



max þyngd 75 kg Svart
530 lítra **139.990 kr**
Vöru nr. 25911-442

NORDRIVE 330



max þyngd 75 kg Svart
330 lítra **64.985 kr**
Vöru nr. N60001-094

NORDRIVE 330



max þyngd 75 kg Svart
330 lítra **64.985 kr**
Vöru nr. N60002-094

NORDRIVE 430



max þyngd 75 kg Silfur
430 lítra **78.981 kr**
Vöru nr. N60011-094

NORDRIVE 430



max þyngd 75 kg Svart
430 lítra **78.981 kr**
Vöru nr. N60012-094

NORDRIVE 530



max þyngd 75 kg Silfur
530 lítra **84.985 kr**
Vöru nr. N60021-094

NORDRIVE 530



max þyngd 75 kg Svart
530 lítra **84.985 kr**
Vöru nr. N60022-094



Bíla naust

Á FULLRI FERÐ

STÓRVERSLUN
DVERGSHÖFÐA 2
110 REYKJAVÍK
S. 535 9000

Vatnagarðar 12
104 Reykjavík
S. 535 9000

Dalshrauni 17
220 Hafnarfirði
S. 555 4800

Hafnargata 52
260 Reykjanesbæ
S. 421 7510

Hrísmýri 7
800 Selfossi
S. 482 4200

Furuvöllum 15
600 Akureyri
S. 535 9085

Sólvangi 5
700 Egilsstöðum
S. 471 1244

www.bilanaust.is



Sleggjan mun þjónusta alla stóra vörubíla ásamt hópferðabílum.

Askja og Sleggjan í þjónustusamstarf

Bilaumboðið Askja og Sleggjan hafa gengið til samstarfs um þjónustu við vöru- og hópferðabíla frá Mercedes-Benz, Setra og Unimog. Sleggjan sem er alhliða þjónustuverkstæði fyrir vörubifreiðar og aftanívagna mun frá 1. maí taka yfir þjónustu, viðgerðir og viðhald á Mercedes-Benz vöru- og hópferðabílum og á sama tíma taka við atvinnubílaverkstæði Öskju sem mun því alfarið færast úr húsnæði Öskju til Sleggjunnar. Starfsemi Sleggjunnar verður áfram í nýrri og vel búinni aðstöðu félagsins í Desjamýri í Mosfellsbæ og í Klettagörðum 4 í Reykjavík. Starfsmenn félagsins verða við þessa breytingu hátt í 30 talsins. Askja sem er umboðsaðili fyrir Mercedes-Benz, Kia og Honda mun áfram reka verkstæði sín fyrir fólks- og sendibíla á Krókhálsi, ásamt söludeildum bifreiða og varahluta.

Sleggjan var stofnuð árið 1990 og byggir því á 30 ára grunni. „Við fögnum mjög þessu samstarfi við Öskju um þjónustu við Mercedes-Benz vöru- og hópbfreiðar. Mercedes-Benz er meðal bestu framleiðenda heims og jákvæð og spennandi áskorun að taka við allri þjónustu sem snýr að þessum bílum,“ segir Guðmundur Björnsson, framkvæmdastjóri og eigandi Sleggjunnar. „Jafnframt fáum við til Sleggjunnar vel þjálfaðan mannskap og allan þann tækjabúnað sem Askja hefur byggt upp í kringum þessa þjónustu. Sleggjan mun áfram sinna alhliða viðhaldi við vörubíla og vagna af öllum tegundum eins og félagið hefur gert undanfarna áratugi. Starfsstöð okkar í Mosfellsbæ verður með þann fókus áfram en mun einnig taka við Mercedes-Benz, á meðan starfsstöðvar okkar í Klettagörðum munu einbeita sér að Mercedes-Benz bifreiðum,“ segir Guðmundur.

„Við hjá Öskju fögnum því að koma að starfsemi Sleggjunnar. Félagið hefur verið vel rekið fjölskyldufyrirtæki og hefur gott orðspor. Með okkar innkomu í félagið verður til enn öflugra þjónustufyrirtæki sem mun taka næstu skref í að þjónusta og auka enn fjölbreytni og aðgengi eigenda Mercedes-Benz, Setra og Unimog, vöru- og hópferðabíla að góðri þjónustu,“ segir Jón Trausti Ólafsson, framkvæmdastjóri Öskju. „Undanfarin ár hefur Mercedes-Benz verið annar mest seldi vörubíllinn á Íslandi og í gegnum tíðina hafa Mercedes-Benz og Setra hópferðabílar verið langvinsælustu gerðirnar í hópferðakstri með ferðamenn og innlenda hópa hér um landið. Það er því gríðarlega mikilvægt að til staðar sé gott þjónustukerfi sem sinnir þessum kröfuharða hópi atvinnumannna og það mun Sleggjan nú gera. Með samstarfinu bætum við þjónustuna enn frekar og verður viðskiptavinum sinnt af sérhæfðum starfsmönnum á einu af stærstu og best búnu verkstæðum landsins á tveimur starfsstöðvum í höfuðborginni sem þýðir enn meiri sveigjanleiki og hraði fyrir viðskiptavinum okkar,“ segir Jón Trausti enn fremur.

Fyrstu eintök Mitsubishi Eclipse Cross PHEV komin til landsins

Væntanlegur arftaki hins vinsæla Mitsubishi Outlander PHEV er Eclipse Cross PHEV sem frumsýndur var í fyrra. Fyrstu eintök bílsins eru komin til landsins en hann fer í forsölu á næstu vikum. Að sögn Halldóru Önnu Hagalín, markaðsstjóra Heklu, koma fleiri eintök með sumrinu en verð bílsins byrjar í 4.990.000 kr.

„Bíllinn er ekki búinn að frumsýna en fólk er velkomið að koma í heimsókn að skoða gripinn,“ segir Halldóra. Eclipse Cross PHEV byggir á sama grunni og Outlander

» Eclipse Cross PHEV verður með sama vélbúnaði og Outlander.

PHEV en sá bíll hefur verið í sölu síðan 2013 og selst í 260.000 eintökum á heimsvísu. Verður hann með sömu 2,4 lítra bensínvél ásamt rafmótor á bæði fram- og afturdrif sem samtals skila 200 hestöflum. Billinn er búinn 13,8 kWst raf-



Mitsubishi Eclipse Cross PHEV er arftaki Outlander tengiltvinnbílsins sem notið hefur óhemju vinsælda hérlandis.

hlöðu en drægið á rafmagni eingöngu er allt að 61 kílómetri samkvæmt WLTP-staðlinum.

Hefðbundinn Eclipse Cross er með 405 lítra farangursrými en í

tengiltvinnútgáfunni er það 359 lítrar þar sem rafhlaðan tekur aðeins frá plássinu. Um vel búnar útgáfur verður að ræða með sömu fimm ára ábyrgð og áður.



www.krokur.net
522 4600

Taktu Krók á leiðarenda

Krókur er fyrirtæki sem að hefur sérhæft sig í flutningum og björgun ökutækja. Félagið rekur einnig þjónustumiðstöð fyrir tjónaökutæki þar sem veitt er ahlíða þjónusta í meðhöndlun tjónabifreiða og annarra bifreiða samkvæmt óskum viðskiptavina.

Krókur býður m.a. uppá:

- Starfsmenn sem eru þjálfaðir og reyndir í bíla- og tækjaflutningum



KRÓKUR
á þinni leið

Vesturhraun 5 210 Garðabær